

# Skíðagöngufélagið Ullur

## Fundargerð stjórnar

**Dagsetning:** 4. desember 2023. kl. 16:00 – 17:50

**Staðsetning:** Holtasmári 1. Kópavogi.

**Mætt voru:** Ari Wendel (AW), Baldur Helgi Ingvarsson (BHI), Bergþóra Baldursdóttir (BB), Íris Marelsdóttir (ÍM) fundarritari, Málfríður Guðmundsdóttir, Sigrún Melax (SM), Trausti Árnason (TÁ).



### Málefni fundar

- Fundargerð frá 6. nóv. lögð fram til samþykktar.** Samþykkt með breytingum frá TÁ. Verður vistuð sem opinbert skjal á vef Ullar á svæði merkt *Um félagið*. Frétt með hlekk á fundargerð verður birt samhliða því að ný fundargerð birtist.
- Samskiptamál.** Umræða og í framhaldi var samþykkt að skrá eftirfarandi samskiptareglu er varðar æfingastarf Ullar: *Ábyrgðaraðilar fyrir æfingarstarfi á vegum Skíðagöngufélagsins Ullar eru tilnefndir af stjórn og til þeirra skal beina erindum er varða æfingastarfið. Að sama skapi skulu þjálfarar vísa málefnum er varða þjálfun og framkvæmd æfinga til ábyrgðaraðila æfingastarfsins.*
- Skálabyggingin, kostnaður og framkvæmd.**

AW fór yfir kostnað og framkvæmd. Framkvæmd er núna komin 4.3 milj. yfir efri mörk kostnaðaráætlunar. Helsta skýring er að jarðvegsvinna fór fram úr áætlunum og spurning hvort eitthvað af þeim kostnaði eigi að greiðast af Skíðasvæðinu. Flutningur á greiðsluhliði skíðagöngu er hluti af þessum kostnaði. Framkvæmd við sökkul og plötu fór einnig fram úr áætlun sem nemur 2.2 milj. kr. Kostnaður við skálann sjálfan er undir áætlun sem nemur 1.5 milj. kr. Pípulagnir eru yfir áætlun sem nemur 700 þús. kr en hluta af því má sækja til Síðasvæðis en það greiðir tengingar vegna rafmagns, vatnsveitu og frárennslis.

Umræða um gólfefni, innréttingar, loftræstingu, hitun s.s. varmadælu og húsbúnað. Gólf verða flotuð en ekki flísuð. Aðeins eitt salerni verður í húsinu en gestum er beint almenningsalernið sem er í næsta nágrenni. Komin er fyrsta teikning af eldhúsi. Fulltrúar í skálavakt Ullunga munu fara í vettvangsferð í kvöld og skila í kjölfarið ábendingum til bygginganefndar. Eins munu BB, SM og ÍM gera texta til að setja áskilti í anddyri skálans er býður fólk velkomið í skálann.

Umræða um innkaup s.s. ísskápur, eldavél, uppþvottavél, vaskar og fl. Einnig umræða um aðgengismál s.s. læsingar og öryggismyndavél. Leitað verður leiða til að fá búnaði skála afhentan í formi styrkja. AW og TÁ fylgja málinu eftir.

Gera má ráð fyrir að lokatala framkvæmdar verði um 42 milj. kr en kostnaðaráætlun er upp á 37.5 milj.kr. AW fylgir málinu eftir og minnti á skálinn er ætlaður almenningi, mannaður af sjálfbóðaliðum og markmið að hafa hann opinn eins mikið og frekast má verða.

#### **4. Fjármögnun skálabyggingar.**

Umræða og hugmyndir lagðar fram að fjáröflunarleiðum, s.s. hvetja skíðamenn til að gerast félagsmenn í Ulli, kalla eftir frjálsum framlögum og stofna söfnunarreikning, bjóða fyrirtækjum upp á námskeið í skíðagöngu, hafa skíðagöngudag þar sem þjálfarar Ullar eru staðsettir í braut og kaffi í boði í nýjum skála. Eins var rætt um fjáröflunarkvöldverð eftir Bláfjallagöngu. Ekkert var ákveðið en umræðunni verður haldið vakandi.

#### **5. Námskeið fyrir þjálfara Ullar.**

Rætt um nauðsyn þess að styrkja þjálfara við framkvæmd þjálfunar. AW mun heyra í Daniel Jakobs og Hólmfríði Völu á Ísafirði og kanna hvort þau vilji hafa námskeið fyrir þjálfara. Stefnt að því að hafa námskeið fyrir þjálfara 6.-7. Jan. 2024 sama dag og stefnumótunardagur er á dagskrá.

#### **6. Starfsmaður Ullar 2023-2024.**

Starfsmaður Ullar 2022-2023 er tilbúin að vera áfram en ekki víst að hún geti klárað tímabilið með okkur. Ráðið verður fyrir sama tímabil og síðastliðinn vetur (15. des-15. apríl). Starfslýsing er fyrirbyggjandi. BHI fylgir eftir.

#### **7. Gönguskíðanámskeið 2024.**

Ákveðið að setja þau í sölu um miðjan des n.k. í samvinnu við starfsmann. Sama verð og síðastliðinn vetur en fækka skiptum úr sex og niður í fimm.

#### **8. Kynningarfundur Ullar 2023.**

Ákveðið að hafa kynningu á Teams mánudaginn 11. des kl. 20:00 -21:00. Efni kynningarfundar m.a.: Æfingastarfið, almenningsnámskeiðin, skálabygging, almenningsnámskeið, Bláfjallagangan, Íslandsgöngur ofl. SM og TÁ fylgja málinu eftir.

#### **9. Stefnumótunardagur Ullar 2024.**

Stefnt að því að hafa stefnumótunardag frá 09:00-12:00 í Bláfjöllum þann 6. jan. 2024. Best að vera í Víkingsskalanum. ÍM hefur samband við Víking.

#### **10. Önnur mál.**

Umræða um samfélagsmiðlanotkun, heimasíðu Ullar og hvernig efla má upplýsingamiðlun. TÁ mun kalla eftir frétt frá bygginganefnd um byggingu skálans til að setja á vef.

Næsti fundur á dagskrá í stjórn Ullar verður þann 8. janúar 2024 á Jómfrúnni í Lækjargötu kl. 17.30. (Síðbúin jólafundur).

Fleira ekki fært til bókar

Fundi slitið kl. 17:50